



Hafið er opið

á laugardögum kl. 11-15

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13
Sími 554 7200 | við erum á [facebook](#)



23. ÁGÚST 2014 • 30. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Svo virðist sem svartsýnustu spár um áhrif turnbyggingar í Skuggahverfi á útsýnið niður Frakkastíginn séu að verða að veruleika. Langt er í að turninn verði fullar 19 hæðir, en þegar lokar hann á útsýni niður götuna. Fáir útvaldir greiða milljón krónur á fermetrann fyrir útsýnið úr sjálfum turninum þegar hann verður að fullu risinn, en almenningur og túristar fá bara að sjá turninn ofan af Skólavörðuholti.

Flest smálánafyrirtæki slök í ársreikningaskilum:

Aldrei skilað ársreikningi

Smálánafyrirtækið Smálán, hefur aldrei skilað ársreikningi til fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra. Flest smálánafyrirtæki sem eru með starfsemi hérlendis eru í vanskilum með ársreikninga, um eitt ár eða fleiri. Kredia, sem er í eigu sömu aðila og Smálán, hefur ekki skilað ársreikningi síðan fyrir árið 2010.

Það eru aðeins smálánafyrirtækin Múla og 1909 sem hafa skilað ársreikningum fyrir árið 2012, en þau eru í eigu sama aðila. Ekkert smálánafyrirtæki hefur skilað ársreikningi fyrir síðasta ár, en algengt er að reikningar skili sér ekki fyrir en á haustmánuðum. En frestur til þess rennur almennt út um mánaðamótin.

„Auðvitað er þetta ekki í lagi,“ segir Skúli Jónsson, sviðsstjóri skráasviðs Ríkisskattstjóra, sem segir heimtur ársreikningum fyrir þessum lögum.“

Smálánafyrirtækin eru öll fjármálafyrirtæki sem veita einstaklingum peningalán, en taka ekki við innlánunum og lúta því ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Starfsemin er heldur ekki starfsleyfisskyld. Neytendastofa á að fylgjast með starfseminni og hefur nýlega sektað fyrirtækin fyrir brot á lögum um neytendalán. **Frh. bls. 2.**

Smálánafyrirtækin eru öll fjármálafyrirtæki sem veita einstaklingum peningalán, en taka ekki við innlánunum og lúta því ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Starfsemin er heldur ekki starfsleyfisskyld. Neytendastofa á að fylgjast með starfseminni og hefur nýlega sektað fyrirtækin fyrir brot á lögum um neytendalán. **Frh. bls. 2.**

TILBOÐ HORNSÓFAR



frá 167.230 kr.
Verð áður 238.900 kr.

ÍSLENSKIR SÓFAR SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM
MÁL OG ÁKLÆÐI AÐ EIGIN VALI



30% afsláttur

af öllum sófum í völdum áklæðum
*A MEÐAN BIRGDIR ENDAST



frá 265.230 kr.
Verð áður 378.900 kr.

Verið velkomin í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16



Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - [www.patti.is](#)

hús & heilsa Fyrsta fyrirtækið á Íslandi
Fagmennska og vísindi

Rannsóknir og ráðgjöf vegna raka og myglu

**HVERNIG ER ÁSTANDIÐ Á ÞÍNU
HEIMILI EÐA VINNUSTAÐ?**



Ástandsskoðun • kaup • sala
rakamæling • sýnataka • loftgæðamælingar

[www.husogheilsa.is](#) hh@husogheilsa.is s: 695 0525

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](#)



12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

	Stærð	Verð
Heilsudýnur á frábæru verði	153x203	144.900 kr.
Verðdæmi á	160x200	149.900 kr.
Sögu og Freyju	180x200	169.900 kr.
Með botni og fótum stgr.	180x210	179.900 kr.

*3.5% lántökugjald





Hlutfall fargjalda of lágt í bókum Strætó bs.

Vilja hækka fargjöld um 10 prósent

Stjórnendur Strætó bs. vilja að fargjöld verði hækkuð um 10 prósent og að hækkingin taki gildi 1. desember næstkomandi.

Þetta kemur fram í minnisblaði Reynis Jónssonar sem lagt var fyrir stjórn byggðasamlagsins á dögunum.

Þar segir að samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. eigi fargjöld að standa undir 40 prósentum af rekstrarkostnaði, en 60 prósent komi frá eigendum. Fargjöldin standa nú undir 26 prósentum kostnaðarins, en þetta hlutfall var 30 prósent í fyrra.

Frestuðu hækkingun

Megin ástæðan fyrir lægra hlutfalli var frestun á fyrirhugaðri 7 prósentu hækkingu á gjaldskrá sem gert var ráð fyrir að tæki gildi 1. desember í fyrra.

Fram kemur í minnisblaðinu að stjórnendur Strætó vilji einfalda gjaldskrána, en einnig að hún verði hækkuð um „10% að meðaltali 1. desember nk.“ segir í minnisblaðinu. Þar segir einnig að gjaldskráin hafi ekki verið hækkuð í meira en ár og almennt fargjald, sem nemur 350 krónum, ekki í þrjú ár.

Hundruð milljóna fjárfestingar

Til stendur að fjölga vögnum og auka akstur á bæði álagstímum, sunnudögum og á rauðum dögum. Raunar átti að auka sunnudagaaksturinn nú í ár en því var frestað vegna óvissu um efnidir ríkisins á samningi um almenningssamgöngur.

Nú gera stjórnendur Strætó ráð fyrir því að 1. janúar byrji vagnarnir að ganga klukkan hálfátta á sunnu-

Reykjavík stærst

Reykjavík er stærsti eigandi Strætó bs. á rétt rúm 60 prósent, og leggur lang mest til félagsins, raunar nokkuð meira en sem nemur eignarhlutum, eða 65 prósent þess sem eigendur leggja til félagsins. Gangi hugmyndir stjórnenda Strætó um hækkingu fargjalda eftir má ætla að framlag borgarinnar til rekstrar Strætó bs. á næsta ári verði tæplega 2,3 milljarðar króna. Framlög Kópavogsbæjar sem greiðir næst mest eru innan við fjórðungur af því, en Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes greiða minna.

dagsmorgnum og helgidögum, í stað 11:30 eins og nú tíðkast, ef marka má minnisblaðið.

Skuldlaus Strætó

Áætlað er að viðbótarárkstur á álagstímum og helgidögum muni kosta 300 milljónir króna. Þá er stefnt að því að endurnýjun vagna verði ekki fjármögnuð með lánnum, en í minnisblaðinu segir að til þess að svo megi vera, sé „í áætlunum gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði ekki lægra en 350 m.kr. á næstu árum“. Gangi áætlanir eftir verði Strætó skuldlaus árið 2018. Samkvæmt nýjasta ársreikningi Strætó bs. nema skammtíma- og langtímaskuldir rúmum 877 milljónum króna.

Skiluðu greinargerð vegna smálana

Erh. af forsiðu.

Það gerði Neytendastofa í sumar, og lagði stjórnvaldssektir á vegna brotanna, samtals hálfa milljón króna vegna Kredia og Smálana, og 750 þúsund vegna Múla, Hrað-

Slóvakía og skattaskjól

Tveir aðilar eru að baki fimm smálanafyrirtækjum sem hér starfa. Fram kom í úttekt Kjarnans fyrr á árinu að eignarhald Kredia og Smálana mætti rekja til Slóvakíu, enda þótt Leifur Alexander Haraldsson væri skráður eigandi. Eins væri eignarhald Múla, Hraðpeninga og 1909 rakið til sama fyrirtækis, Jumdon Finance, sem skráð er í skattaskjólínu Kýpur.

Almennt slök ársreikningaskil

„Auðvitað er þetta ekki í lagi, ef mönnum finnst að það eigi að fara eftir lögum í landinu,“ segir Skúli Jónsson, sviðsstjóri hjá Ríkisskattstjóra. Lög segi að skila eigi ársreikningi 8 mánuðum frá lokum reikningsárs. Nú séu fáir dagar í mánaðamót og aðeins eitt af hverjum fimm fyrirtækjum hafi skilað reikningi fyrir síðasta ár. „Þetta er nú virðing viðskiptalífsins fyrir lögum. Fyrirtækin eru allt of sein. Auðvitað geta menn ruslað ansi miklu in á þessum dögum sem eftir eru til mánaðamóta, en það eru allt of fá fyrirtæki sem skila á réttum tíma.“

Yfirvöld geta beit sektum upp á 250 þúsund krónur ef menn skila ekki reikningum og hefur það verið gert að sögn Skúla.

peninga og 1909. Smálanafyrirtækin áfrýjuðu ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Neytendastofa hefur skilað greinargerð til nefndarinnar vegna þess, en óvíst er hvenær áfrýjunarnefndin tekur ákvörðun.

Brot fyrirtækjanna lutu að lögum um neytendalán, sem eiga við fyrirtækin.

Samkvæmt lögum mega fyrirtækin ekki innheimta hærri kostnað af lánnum sínum en sem nemur 50 prósentum af svonefndri „árlegri hlutfallstölu kostnaðar“. Í tilvikum Kredia og Smálana var niðurstaða Neytendastofu að þessi kostnaður næmi yfir þrjú þúsund prósentum og hjá Múla, Hraðpeningum og 1909 yfir tvö þúsund prósentum.

Saknar loftgæðamælinga

Í þessu mikilvæga máli hefur legið fyrir skýr tillaga frá okkur

„Í næstum ár án þess að það bóli á úrlausn,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Hann lagði til á fundi í stjórn Orkuveitunnar í sumar, ásamt Áslaugu Friðriksdóttur, að bætt yrði við mælistöðvum fyrir brennisteinsvetni í Breiðholti og í Úlfarsárdal/Grafarholti. Tillögunni var frestað. Kjartan segir að tillagan hafi ekki verið á dagskrá síðasta stjórnarfundar sem haldinn í byrjun mánaðarins, „þótt nægur tími ætti að hafa gefist í millitíðinni til að skoða málið og taka afstöðu til þess“, segir Kjartan, sem bætir því við að hann hafi fyrir ári lagt fram svipaðar tillögur um

frekari mælingar án árangurs. „Sú tillaga var lengi til umfjöllunar en hlaut aldrei endanlega afgreiðslu þrátt fyrir að á tímabilinu hafi fjöldi fræðimanna tjáð sig um umrædda mengun og ber flestum saman um að afar mikilvægt sé að auka loftgæðamælingar,“ segir Kjartan.

Orkuveita Reykjavíkur fékk í vor undanþágu frá hertum reglum um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Samkvæmt eldri reglugerð mátti styrkur efnisins fara yfir 50 mikrógrömm í rúmmetra fjórum sinnum á ári, en aldrei samkvæmt nýju reglugerðinni. Starfsleyfi Hellsheiðarvirkjunar veltur á því að reglugerðin sé uppfyllt.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa verið



Kjartan Magnússon vill fjölga mælistöðvum OR.

hörð á því að gripið verði til aðgerða vegna brennisteinsvetnismengunar frá Hellsheiðarvirkjun Orkuveitunnar. Umhverfisstofnun hefur bent á að brennisteinsvetnismengun frá virkjuninni sé meiri en frá stærsta álveri landsins.

Þakleki hjá TBR olli slyshættu:

Hrafnarnir kroppuðu í þakviðgerðina

Það hafa hrafnar kroppað í og eyðilagt fínu þéttiborðana okkar,“ segir Sigfús Ægir Arnason, framkvæmdastjóri TBR, Tennis- og badmintonfélags Reykavíkur.

Leki hefur verið á þaki í íþróttastöðu félagsins við Gnoðarvog, í stærra húsinu. Þetta hefur valdið slyshættu, þar sem vatn hefur lekið inn, en engin hefur slasast.

Sigfús segir að lekinn hafi verið lagður tímabundið, bæði innanfrá, og svo með borðunum sem virðast heilla hrafnar. „Þetta eru þéttiborðar sem glansa. Það hafa verið

hrafnar uppi á þakinu og þeir hafa verið að reita og róta í þessu. Við fundum skemmdir eftir þá og erum akkúrat að vinna í þessu núna,“ segir Sigfús.

Hann bætir því við að líklegt sé að útfjólubláir geislar hafi skemmt yfirborðið á þaki hússins. „Við stefnum að því að setja nýjan hjúp yfir þakið,“ segir Sigfús, en þá sé þakið bara háþrýstipvegið og síðan húðað með sérstakri málningu. Hann segir í samtali við blaðið að þetta sé í reynd ekki mikið vandamál, og kostnaðurinn við hina endanlegu viðgerð muni líklega nema um 10-15 milljónum króna.

Gagnrýnir skýrslu um hatursumræðu

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins og flugvallarvina, telur að vinnubrögð við skýrslu um hatursorðræðu séu ómarktæk.

Hún segist í bókun á fundi borgarráðs á fimmtudag fagna umræðu um hatursorðræðu í umræðukerfum en að draga megi niðurstöðu skýrslunnar í efa.

Bjarney Friðriksdóttir doktorsnemi vann greiningu á hatursorðræðu í netfréttamiðlum. Þar var meðal annars fjallað sérstaklega um umræðu um byggingu mosku í Reykjavík. Þar komu fyrir gróf ummæli „sem einkennast af ný-rasisma, kynþáttahyggju og þjóðernishyggju,“ segir meðal annars á vef borgarinnar.

Sem kunnugt er hóf Sveinbjörg Birna



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins og flugvallarvina.

umræðuna um byggingu mosku í aðdraganda borgarstjórnarkosninga og ræddi sérstaklega um hættu á nauðungarhjónaðendum múslima kvöldið fyrir kosningar í vor. Margir sögðu sig úr Framsóknarflokki vegna umræðunnar og lítilla viðbragða for-

ystu flokksins við henni, þar á meðal Þorsteinn Magnússon varaþingmaður.

Sveinbjörg Birna segir í bókuninni að 40 prósent þeirra ummæla um moskuna sem hafi verið skoðuð hafi fallið utan við það tímabil sem skýrsluhöfundur hafi verið falið að skoða. Svo hafi ekki verið um aðra umræðu. „Eru slík vinnubrögð ómarktæk og gera annars góða vinnu afar haldlitla við greiningu verkefnisins.“ Bent hefur verið á að Sveinbjörg hafi misskilið aðferðarfræði í skýrslunni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Sjálfstæðisflokksins, BF og VG stóðu saman að bókun þar sem segir að brýnt sé að niðurstöðurnar verði nýttar í frekari vinnu til að uppræta fordóma og hatursorðræðu. Reykjavíkurborg láti sitt ekki eftir liggja í þeim efnunum.

Borgar Apótek

Ókeypis lyfjaskömmun



Snögg og örugg afgreiðsla

Þægilegt og einfalt að koma skipulagi á lyfjatökuna.

Sveigjanleiki ef læknir breytir um lyf.

Engin skömmunargjöld.

Heimsending möguleg.

Snögg og örugg afgreiðsla.

BÁTUR DAGSINS



Aðeins

549kr


Hver er bátur dagsins?



MÁNUDAGAR
Sterkur ítalskur



ÞRIÐJUDAGAR
Kalkúnsbringa
og skinka



MIÐVIKUDAGAR
Pizzabátur



FIMMTUDAGAR
Skinkubátur



FÖSTUDAGAR
Túnfiskbátur



LAUGARDAGAR
Ítalskur BMT



SUNNUDAGAR
Kjúklingabringa

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.™

LEIÐARI



Mikilvægar upplýsingar

Fyrirtækin í landinu eru almennt frekar sein til að fara eftir lögum. Hér á ég við lög um ársreikninga. Samkvæmt því sem fram kemur hér í blaðinu eru fyrirtæki sem lána fólki peninga, smálánafyrirtækin, yfirleitt með allt niður um sig í þessum efnunum. Og raunar ekki bara þau, heldur má ætla að fjögur af hverjum fimm fyrirtækjum í landinu hafi ekki enn skilað reikningum, ef marka má upplýsingar frá ársreikningaskrá.

Hjá vel flestum fyrirtækjum miðast reikningsárið við áramót og á að skila ársreikningi ekki seinna en átta mánuðum eftir að reikningsári lýkur. Í tilvikum flestra fyrirtækja þá rennur þessi frestur út nú um mánaðamótin.

Þessar upplýsingar skipta máli og þær eiga að vera opinberar. Myndir þú taka við fyrirtæki í reikningsviðskipti ef það hefur ekki skilað ársreikningi í þrjú ár? Myndir þú ekki vilja vita hvornig það stendur áður en það fer í kring? Þetta eru ein rök af mörgum fyrir birtingu upplýsinganna.

Menn halda sumir fram reglulegum boðskap um „hinn frjálsa markað“¹. Sá ágæti markaður verður að byggjast á sem greiðustum aðgangi að upplýsingum. Líka um stöðu fyrirtækja. Frelsispostular þessa lands tala lítið um þessa vondu stöðu hjá íslenskum fyrirtækjum.

Skattýfúrnöld hafa reyndar heimild til að sekta fyrirtæki um 250 þúsund krónur ef þau skila ekki ársreikningum eða skila seint. Það virðist einhver áhrif hafa, en greinilega er fælingarmátturinn ekki mikill. 250 þúsund krónur eru dropi í hafði hjá fyrirtækjum sem skila tugum milljóna eða hundruðum í hreinan hagnað. Það gæti átt við í tilvikum smálánafyrirtækjanna. Síðustu birtu reikningar benda til þess að þau séu ekki á flæðiskeri stödd. En hún hlýtur að vekja spurningar sú leynd sem umlykur þessi fyrirtæki. Bæði er það þetta með reikningana. En líka þetta með eignarhaldið. Eins og rakið er hér í blaðinu má rekja þræði eignarhaldsins langt úr landi, en samt er óvíst hverjir hinir endanlegu eigendur eru.

Það er spurning hvort Alþingi ætti ekki að taka upp gamla hugmynd frá Lilju Mósesdóttur, sem lagði til á Alþingi á síðasta kjörtímabili að fyrirtæki yrðu að birta upplýsingar um endanlegan eiganda.

En lögin um ársreikningaskil eiga ekki aðeins við um fyrirtæki. Þau eiga líka við um stjórnmalaflokka.

Samkvæmt yfirliti á heimasíðu Ríkisendurskoðunar hefur eitt stjórnmalaflokkur birt reikninga fyrir síðasta ár. Það er Hreyfingin. Flokkar sem buðu fram til Alþingis í fyrravor hafa ekki skilað þessum upplýsingum enn, svo séð verði.

Það verður fróðlegt að sjá hvaða fyrirtæki styrktu hvaða flokka og um hversu mikið í aðdraganda kosninganna. Athuganir hafa sýnt að núverandi stjórnarflokkar nutu áberandi mikillar velvildar sjávarútvegsfyrirtækja framan af síðasta kjörtímabili. Enda var lækun veiðigjaldanna þeirra fyrsta verk.

Ingimar Karl Helgason

Fylkisflokkurinn

Skritið fyrirbæri þessi Fylkisflokkur. Flokkur sem vill leggja niður lýðveldið Ísland og gerast Norðmenn og verða 20. fylki þess lands. Ástæðan er sú að Ísland er óbyggilegt land.

Fylkisflokkurinn segir að við fáum þá lægri vexti, hærri laun og við getum veitt fiskinn í sjónum án þess að kvóta-greifar landsins taki allan ágóðann. Allt atriði sem við getum ekki haft áhrif á eða hvað?

Það er margt skritið með umræðu um þjóðfélagsmál hér á landi. Við búum við hæstu vexti í vestrænum heimi en enginn getur útskýrt hvers vegna. Stundum fáum við skýringar í frösom; lélegur ríkisrekstur eða pen-

ingastefnan léleg en enginn getur útskýrt hvað er svo lélegt. Umræðan um kosti og galla kvótakerfis í sjávarútvegi eru nánast engar. Einn hagfræðiprófessor heldur því fram að það sé gott og þá er málið dauft. Samt skuldar greinin rúmlega 350 milljarða sem er um það bil 160 nýir togarar. Togaraflotinn telur 51 skip, er að meðaltali um 20 ára gamall, og er á leið í endurnýjun. Vill einhver spyrja prófessorinn hvað varð um peningana?

Annar háskólafrófessor heldur því fram að landbúnaðarkerfið sé ónýtt sem eflaust er að einhverju leyti rétt hjá honum. Hann er samt ekki tilbúin að útskýra hvað gerist ef við notum meira af gjaldeyri til kaupa á mat-

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

30. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Sudurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Vefang:** fotspor.is. **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. **Blaðamaður:** Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. **Meningarblaðamaður:** Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. **Matarblaðamaður:** Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. **Umbrot:** Prentsmið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. **Dreifing:** Póst-dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

Ummæli með erindi:

„Enginn sem talar fyrir gagnsæi í stjórnsýslunni eða lekum innan úr henni hefur farið fram á að það nái yfir viðkvæmar persónuupplýsingar um skjólstæðinga hennar. Slíkt er ekkert annað en niðingsskapur og það er fyllilega eðlilegt að fólk sé sótt til saka fyrir slík trúnaðarbrot. Þeir sem ekki skilja þennan mun eru sekir um alvar-

legan skort á getu til að setja sig inn í einföld siðferðileg grundvallaratriði.“

- Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata í blogg-færslu á eyjan.is í vikunni.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Guðlegt inngríp

Það þurfti víst ekki annað en erindi frá biskupi til að útvarpsstjóri gripi snarlega fyrir hendurnar á undirmanni sínum, dagskrárstjóra Rásar 1, um bænaflutning í Ríkisútvarpinu. Nú sjá væntanlega formaður og framkvæmdastjóri LÍÚ tækifæri til að koma á dagskrá stuttum þáttum um réttmæti auðsöfnunar fárra á kostnað almennings, enda sé réttur til kvóta frá guði ... og var ekki frelsarinn líka fiski-maður?



Áhyggjur

Í ritstjórnargreinum Morgunblaðsins má lesa áhyggjur af því að í Reykjavík viku-blaði birtist efni um landsmál og önnur sveitarfélög. Það sé úr takti við heiti blaðsins. Spyrja má hvort blaðið í Hádegismóum fylgi þeirri stefnu að fjalla aðeins um það sem gerist árla dags og hvort Reykjavíkurbréf blaðsins séu almennt krúttþistlar um hverfi borgarinnar.



Tugmilljóna Dagur

Bæjarstjórar í ýmsum sveitarfélögum landsins eru ágætlega haldnir og virðist umfang eða mannföldi litlu skipta. Flestir eru þetta karlar. Flestir sjálfstæðismenn. Þannig fær verðandi bæjarstjóri í Hafnarfirði veru-

lega hærri laun en forverinn, um 1,5 milljónir á mánuði, eins og Ármann Kr. Ólafsson í Kópavogi. Elliði Vignisson í Eyjum með tæpar 1,6 og Árni Sigfússon í Reykjanesbæ var með um 1,8 milljónir króna í fyrra. Gunnar Einarsson í Garðabæ er hæstur í krónum, með næstum tvær milljónir á mánuði. Yrðu laun borgarstjórans í Reykjavík fundin út með krónum pr. íbúa þá fengi hann, ef miðað yrði við Elliða, yfir 40 milljónir á mánuði.



Lengst til hægri

Framsóknarmenn og flugvallavínir hafa fleiri hugsjónir en moskur og mýri. Nýlega var samþykkt í borgarráði að styrkja Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar vegna tónlistarháttíðar í Hollandi, þar sem Íslendingar eru heiðursgestir.

Framsóknarmenn og flugvallarvínir eru hins vegar öndverðir á móti þessu þar sem tónlistarmenn geta bara gerissovel lifað af listinni. Því var greitt atkvæði á móti. Hinir frjálhyggjusinnuðu sjálfstæðismenn létu hins vegar duga að sitja hjá.



vælum. Rétt seinna kemur hann fram í fjölmiðlum og vill banna aukningu á einkaneyslu. Segir að ef við eyðum meira af gjaldeyri í flatskjá eða Netflix, getum við ekki borgað erlendar skuldir okkar.

Þessa hluti sem aðra er ekki hægt að ræða hér á landi. Þeir sem koma fram í umræðunni eru uppteknir af upphrópunum í stað þess að ræða málin til hlítar. Reyndar er fullt af fólki sem getur rætt málin en þeim virðist vera fyrirmanað að blanda saman tölum við niðurstöðuna eða hafa hagsmuni af því að gera það ekki. Svona til að gera rök sín betri eru settar upp sviðsmyndir.

En Fylkisflokkurinn slær þessu öllu við, þeir ætla að losna við vandamál



Höfundur er Jón Þór Helgason, viðskiptafræðingur

rökrænnar umræðu hér á landi með því að senda þennan vanþroska okkar yfir í næsta land. Svona svipað og að senda börnin sín yfir næsta hús til að láta ala þau upp.



Unnið hefur verið við viðhald og malbikun víða í borginni. Þessir lögðu nýtt malbik í Seljahverfinu á sólríkum degi.

Í FRÉTTUM

Beðist velvirðingar

Eimskip fékk nýtt skip á dögnum, Lagarfoss, en svo kom í ljós að skipið er skráð víðs fjarri Íslandsströndum. Talsmenn félagsins segjast vilja skrá skipið hér en Ísland sé fjand-samlegt kaupskipaútgæri og ekki samkeppnishæft. Lagarfoss mun vera skráður í St. Johns. Úlfar Þormóðsson rithöfundur stakk niður penna um málið og hélt fyrst að um væri að ræða borg í Kanada með þessu nafni. „Í tilvikum Lagarfoss er því ekki um að ræða St. John's þar heldur St. John's í Karabíska hafinu. Þar búa tæplega 100 þúsund manns. Þar er mikil paradís fyrir ferðamenn og skipafélög. Höfundur biðst velvirðingar á vanþekkingu sinni á alþjóðlegu svindli.“ Og svo geta Íslendingar líka spurt sig hvort þeir vilji vera „samkeppnishæfir“ gagnvart slíkum stöðum ...



Úr óvæntri átt

Jón Steinar Gunnlaugsson, fv. hæstaréttardómari, fór mikinn í grein í Morgunblaðinu í vikunni og varð fréttafni. Hann ræddi DV og sagði meðal annars: „Sjálfst á þetta blað áreiðanlega refsiverða aðild að fjölda mála þar sem það hefur stuðlað að því að opinberir starfsmenn veiti því upplýsingar um alls kyns málefni einstaklinga sem leynt eiga að fara. Þessi aðild er á lögfræðimáli kölluð hlutdeild.“ Þar kom úr óvæntri átt óbein ásökun á hendur Mogganum og Fréttablaðinu sem birtu fréttir úr alræmdu minnisblaði úr innanríkisráðuneytinu, en aðstoðarmaður ráðherra var í vikunni ákærður fyrir að lekann.



Forgangsmál

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, boðar aðgerðir gegn heimilisofbeldi. Fréttablaðið segir að heimilisofbeldismálum hafi fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, og Sigríður segir einfaldlega að ákveða hefði þurft að þetta væri forgangsmál lögreglu, sem það að sönnu á að vera.



Einkavæðing?

Framkvæmdastjóri LÍÚ sendi grein í Fréttablaðið í vikunni og kvartaði vel að merkja ekki undan veiðigjöldum. Hann lagði hins vegar til að Hafrannsóknarstofnun yrði einkavædd til útgerðanna, en veiðigjöldin lækkuð á móti rekstrarkostnaði. En svo undarlegt sem það er, vakti þessi ósk ekki athygli fjölmiðla.

New
Store
Opening

Fylgstu með á Facebook
Lindex Iceland



TAKK
FYRIR FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR!
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ
YKKUR Á GLERÁRTORGI!

LINDEX

VIÐTAL

Hildur
Knútsdóttir

Alltaf gott veður í minningunni eða ... Menningarnótt, hátíð uppgötvana

„Fyrsta árið sem Menningarnótt var haldin voru viðburðirnir rétt tæplega tuttugu talsins. Nú, níttján árum síðar nálgast þeir sex hundruð. Í raun eru engin takmörk á því hversu stór Menningarnótt getur orðið og fer það eftir hugmyndaauðgi og sköpunarkrafti borgarbúa hverju sinni hvernig hún lítur út. Það verður þó að segjast að það er ekki markmið okkar lengur að stækka hana heldur vinna á dýptina að gæðum viðburða og á breiddina í fjölbreytileika þeirra.“ segir Karen María Jónsdóttir, einn þriggja viðburðastjóra Menningarnætur. Hátíðin er ávallt vel sótt og má búast við að hátt í þriðjungur landsmanna muni njóta viðburða af ýmsu tagi í dag og í kvöld.

Öryggismálin viðamikil

Að sögn Karenar Maríu hefur undirbúningur gengið vel. Hann hófst í maí þegar auglýst var eftir viðburðum og veittir voru styrkir úr Menningarnæturpottinum. Þá þegar var einnig farið að huga að öryggismálum sem hún segir stóran og viðamikinn þátt í undirbúningi og í raun mun stærri en nokkurn gruni. Þegar aðrir landsmenn voru í sumarfríi í júlí unnu skipuleggjendur að heimasíðunni og öðru innra starfi hátíðarinnar en eftir verslunarmannahelgi var sett í sjöunda gir þar sem samhæfing viðburða hefur verið megin viðfangsefnið en einnig dagskráin verið prentuð og gefin út eftir að skráningu viðburða lauk.

Sniðugt að velja sér eitt hverfi

Viðburðir Menningarnætur fara aðeins fram í miðborg Reykjavíkur. Aðspurð hvort aldrei hafi komið til tals að stækka hátíðarsvæðið og hafa viðburði í fleiri hverfum borgarinnar segir Karen María að margir hafi skoðun á því hvernig Menningarnótt eigi að vera og þetta sé eitt þeirra atriða sem borgarbúa greinir á um. Hún bendir á aðrar hátíðir sem Höfuðborgarstofa stendur fyrir og teygja anga sína allt frá rótum Esjunnar til Vesturbæjarlaugar. „Menningarnótt hefur einstaka stemningu og hún byggir á því samstarfi sem er milli okkar, íbúa, rekstrar og þjónustuaðila í miðborginni. Menningarnótt sem tæki yfir alla borgina og/eða væri dreifð yfir fleiri daga, væri bara allt önnur hátíð. Við eigum þannig hátíðar og þær heita Vetrarhátíð og

Barnmenningarhátíð.“ Hún bætir við að eitt af því sem sé sjarmerandi við Menningarnótt er hvað hún er stútfull af viðburðum sem geti valdið sumum kvíða en einnig verið spennandi. „Ef maður gefur sér það að maður geti aldrei komist yfir nema örlítið brot af hátíðinni þá opnast manni ótal leiðir til að velja sér eitthvað til að skoða. T.d. bara að rölta af stað og „dropa“ inn á ólíklegustu stöðum, koma sjálfum sér á óvart.“ Þá segir Karen María að sniðugt sé að velja sér hverfi, annað hvort uppáhalds hverfahluta eða jafnvel einhvern alveg ókannaðan og tekur sem dæmi Goðahverfið eða Gömlu höfnina í Reykjavík.

Pönkarar á danssýningu

Karen María var sjálf með viðburð á annarri Menningarnóttinni sem haldin var. Hún segir að þrátt fyrir að hátíðin hafi stækkað svo um munar, ýmislegt hafi bæst við og annað horfið, sé tilfinning hennar sú að um sömu hátíð



sé að ræða því stemningin sé sú sama, borgarbúa séu að búa til viðburði fyrir aðra borgarbúa að uppgöta og njóta. „Þegar ég tók þátt með viðburð í fyrsta sinn þá setti ég upp dansleikhússýninguna Leó, ó Leó. Í salnum voru um 10 pönkarar með hanakamb. Þeir höfðu aldrei farið á danssýningu söguð þeir okkur eftir sýninguna og hefðu aldrei farið á danssýningu nema af því að á Menningarnótt leyfir maður sér að uppgöta eitthvað nýtt, þá leyfir maður hlutunum að koma sér á óvart. Og það gerðu þeir og höfðu mjög gaman af. Og við líka!“

Menning á Hverfisgötunni

Setning Menningarnætur fer fram í Hörpu þar sem afhjúpuð verður inn-

setningin Farfuglar, 90 sveimandi glerfuglar eftir Trónd Patursson yfir fuglagjörningi hljómsveitarinnar ORKU. Auk þess að vera viðstödd opnunina, ætlar Karen María að njóta menningarnar á hinni nýuppgerðu Hverfisgötu þar sem um 50 viðburðir verða í boði. Nefnir hún meðal annars öskur spa í Kling og Bang, pop-up tango, leirlaufsgærdi í Lýðveldisgarðinum og bóka-gjörningi í fornbókabúðinni.

Ekki missa af ...

... **Walking around Iceland X58.** Á fimmtudaginn opnaði sýning spænska listamannsins



Cayetano Navarro í Gerðubergi. Á henni gefur að líta ljósmyndir, klippimyndir, myndbönd og lágmyndir frá Íslandi en Cayetano hefur undanfarið ár búið í Bykkvabæ. Verkin fara með áhorfandann í huglægt ferðalag þar sem sem listamaðurinn skoðar með hvaða augum Íslendingar og aðrir líta náttúru landsins. Sýningin stendur til 19. október og er aðgangur ókeypis. ...**Dansverkinu Okkar á milli.** Sýningin er samtál tveggja dansara, orðaskipti á hreyfingu. Í kynningu segir „Við fyrstu sýn virðumst við

eins, eftirmyndir af sömu hugmynd. Margnotaðri hugmynd sem hefur haldist í sama formi í aldanna rás. Við erum hluti af stærri heild. Eins og einhver sem skilur spor sín eftir í sandinum skiljum við eftir spor á hvort öðru. För sem hinn einstaklingurinn hefur með tímanum grafið í húðina, vöðvana og frumurnar.“ Dansað er í Listasafni Reykjavíkur, 29., 30. og 31. ágúst. Miðasala á tickets@reykjavikdancefestival.is.

...**Færeyskum stuttmyndum á Menningarnótt.** Mikið úrval færeyskra stuttmynda verður sýnt í Bíó Paradís á Menningarnótt kl. 17.



Græjur sem gera skólann skemmtilegri.

Kíktu í **Kringluna** og fáðu að prófa. Opið alla daga.



MacBook Pro 13" Retina
kraftur og skerpa
Verð **224.990** kr.



MacBook Air 11"
minnst og léttust
Verð **154.990** kr.



MacBook Air 13"
físléttur vinnubjarkur
Verð **174.990** kr.



iMac 21"
dásamleg borðtölva
Verð **194.990** kr.



iStore
Kringlunni



ARION BANKI BÝÐUR ÞÉR
Í EXPO SKÁLANN Í HÖRPU

UPPLIFÐU ÍSLAND UPP Á NÝTT Á MENNINGARNÓTT

Í skálanum er sýnd einstök 15 mínútna löng 360 gráðu kvikmynd þar sem veggir og loft mynda sjónræna heild. Myndin var framleidd af Saga film með nýrri tækni. Myndskeiðum frá náttúru og borg er varpað á fjórar hliðar og loft skálans og sýna Ísland í öllum sínum fjölbreytileika. Upplifun sem lætur engan ósnortinn.

Expo skálinn sló í gegn á heimssýningunni í Shanghai og bókamessunni í Frankfurt og hefur nú verið settur upp í Hörpu. Arion banki býður gestum Menningarnætur að heimsækja hann milli kl. 11 og 18. Myndin er sýnd á hálf tíma fresti.

HRINGBORÐIÐ

Frábær auglýsing?

Stjórnendur Ríkisútvarpsins tilkynntu nýlega að bænalestur yrði lagt niður í dagskrá Rásar 1. Þetta vakti mikil viðbrögð. 6000 þúsund manns skráðu sig í Facebook hóp þar sem þessu var mótmælt og eftir samtal við biskup ákvað útvarpsstjóri að draga aðeins í land, en samt sem áður er dregið úr bænalestri í dagskrá Rúv og orð kvöldsins heyrir sögunni til. En var það rétt ákvörðun hjá stjórnendum Ríkisútvarpsins að ætla að fella þessa dagskrárliði niður?



Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur

Hver er lífsstíllinn?

„Það verður ekki dulið, hvernig sem reynt er, að óánægja manna með ríkisútvarpið er æði mikil,“ segir í Árbók útvarpsnotenda 1934. Áhugavert er að fylgjast með umræðu fyrstu ára Ríkisútvarpsins í ljósi þess hvernig fólk hefur í 84 ár skipst á skoðunum um dagskrána. Á fyrstu árunum var veltu menn vöngum yfir því hvort þjóðsöngurinn væri kvöldbæn og hvort hann væri of heilagur til að jaskast oft á í útvarpinu. Stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa nýlega ákveðið að hrófla við gömlum og gegnum útvarpsliðum og tilgreina eftirfarandi ástæður: „Miða breytingarnar að því að sækja fram í takt við breyttan lífsstíl þjóðarinnar.“ Spyrja má, hver er sá lífsstíll? Hefur þjóðin einn stíl og hefur hún nýlega breytt honum?

Ég hef nokkrum sinnum tekið að mér morgunandakt og alltaf fengið töluverð viðbrögð, jafnvel símtöl frá bláókunnugu fólki. Mér finnst áhugavert hversu kröftugar skoðanir fólk hefur á lestrinum. Ég er líka sjálf dyggur hlustandi gömlu gufunnar og finnst gott að heyra róandi röddina úr viðtækinu biðja með mér gamlar bænir. Þegar „Orð kvöldsins“ er búíð, slekk ég og fer að sofa. Nú er ég að flytja til útlanda um mánaðarmótin og ætla að hlusta á morgunandaktina og orð kvöldsins í gegnum tölvuna þegar ég vakna og fer að sofa. Nema að ég frétti

það hjá forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins að samræmdur lífsstíll Íslendinga hafði óvart breyst í millitíðinni. “



Gyða Einarsdóttir, alþjóðastjórnsmálfræðingur

Rúv sé spegill

„Mér finnst þetta mál snúast um hvert hlutverk Rúv eigi að vera. Hefur Rúv hlutverki að gegna í trúarlífi kristinna hlustenda sinna? Ef svo er hlýtur það að vekja upp spurningar um hvort Rúv eigi þá að gegna hlutverki í trúarlífi trúlausra hlustenda sinna eða þeirra sem aðhyllast önnur trúarbrögð en lúterstrú. Er það eðlileg krafa að Rúv, fjölmiðill allra landsmanna, þjóni kristnum umfram aðra eða gegni yfir höfuð hlutverki í ástundun trúarbragða? Það er vissulega rétt að allir íslenskir skattgreiðendur kosti rekstur lúterskrar kirkju á Íslandi en er sú mismunun í sjálfu sér ástæða til að viðhalda mismunun á öðrum opinberum vettvöngum? Hefð er fyrir því að lesnar séu bænir hjá Rúv en spyrja má sig hvort allar hefðir séu í sjálfu sér af hinu góða? Öðlast athöfn gildi við það eitt að vera endurtekin eða er eðlilegt að endurskoða reglulega tilgang þess sem stundað er? Lúterstrú og þær hefðir sem henni fylgja eru einn af kimum samfélags okkar og sjálf-sagt að fjalla um kristni eins og önnur trúarbrögð en það er alveg spurning hversu miklum tíma á að verja í fasta dagskrárliði sem eru einungis til þess fallnir að þjóna ástundun kristinnar trúar. Þeir sem vilja stunda það að fara með bænir hljóta að vera sjálfbjarga um

það eða leita til trúarleiðtoga sinna ella. Rúv finnst mér að eigi að vera spegill á samfélag okkar og auk þess að sinna öryggishlutverki eigi Rúv að stuðla að aukinni upplýsingu og þekkingu þjóðarinnar. Persónulega finnst mér bænalestur ekki falla að þeim hlutverkum og að Rúv hefði styrkst við það að fella niður bænalestur.“



Einar Karl Friðriksson, efnaræðingur

Minna trúboð

„Bænir og andlegar hugvekjur geta vel verið jákvætt innlegg í útvarpsdagskrá. Með bæn má „fókusera“ jákvæðar hugsanir og eiga samtal við hlustanda, hvort sem hann er ímyndaður eða raunverulegur í huga þess sem biður. En útvarpsbænar virðast alfarið á forsendum eins tiltekna trúfélags sem er grundvallað á skilgreindum trúarkenninum og trúarjárnningum. Trúfélagið boðar að sá sem hlustar á bænir okkar sé raunverulega til og honum er lýst í löngu máli í fornritum sem félagið boðar að séu sönn og heilög. Kannski er hentugt og þægilegt að ríkistrúfélag og ríkisútvarp skilgreini okkar andlega veruleika, en ég sé ekki tilganginn í því að tengja jákvæðar hugsanir við skýrt skilgreinda ímynd hins góða og boða að akkúrat sú ímynd sé hinn endanlegi sannleikur. Biblían er í mínum huga alltof þversagnakennd og örökrétt til að vera andlegt veganesti. Þess vegna höfða útvarpsbænir ekki til mín. Bænarirnar og hugvekjurnar geta í sjálfu sér verið fallegar en eru of tengdar við hinn trúarlega hugmyndaheim trúfélagsins Þjóðkirkjunnar fyrir minn smekk. En ef stór hluti útvarpshlustenda vill hlýða á bænalesturinn þá truflar hann mig ekki. Mér finnst samt að andlegar hugvekjur af þessum toga mættu vera fjölbreyttari, minna trúboð!



Íris Ellenberger, sagnfræðingur

Bænir á Lindina

„Að einhverju leyti er það alveg rökrétt að Ríkisútvarpið þjónusti meðlimi þess trúfélags sem tilheyrir ríkinu, umfram þá sem tilheyra öðrum trúfélögum.



Sömuleiðis var það mögulega góð hugmynd að útvarpa bænnum til að aðstoða landann við guðræknina árið 1960 þegar Gufan var eini ljósvakamiðill landsins (fyrir utan Kanasonvarp og -útvarp auðvitað). En núna árið 2014 höfum við bæði útvarpsstöð og sjónvarpsstöð sem gegna þessu hlutverki 24 tíma sólarhringsins, svo við tölum nú ekki um heilt internet sem guðrækið fólk, innanlands sem utan, kann víst að notfæra sér til að koma sínum kristilegum boðskap á framfæri. Það er því engin hætt á því að nokkur íbúi þessa lands þurfi að vera án síns daglega guðsorðs. Annars hélt ég að RÚV væri útvarp allra landsmanna, ekki bara þeirra sem trú á hinn kristna guð. Það væri því sanngjarnt að það útvarpaði boðorðum annarra trú- og lífsskoðunarfélaga í bland, mögulega í samræmi við hlutfall meðlima af íbúafjölda. Allra best væri þó ef það léti Lindinni eftir að sinna bænaútsendingum.“



María Rut Kristinsdóttir, markaðsstj. GOMobile

Frábær auglýsing

„Ég verð að viðurkenna það, af fyllstu einlægni og auðmykt að ég hef enga sérstaka skoðun á þessu. Það hvorki truflar mig né pirrar mig eða snertir mig á nokkurn hátt. Mér hefur fundist þetta mál verða að svolitlum farsa þar sem að hjarðhegðun Íslendinga kemur enn og aftur í ljós og sérstakar Facebook síður sem eru annað hvort „með“ eða „á móti“ spretta upp og allir keppast við að læka og deila og vera rosa mikið reiðir eða vitna í einhver guðspjöll o.s.frv. Þegar öllu er á botninn hvolft þá held ég að þetta hafi verið bara frábær auglýsing fyrir Orð kvöldsins (eða dagsins) og Morgun-



Þátttakendur í Hringborðinu eru eingöngu fulltrúar eigin sannfæringar en ekki hagsmunaaðila, fyrirtækja, stjórn-málaflokka, íþróttafélaga eða annarra samtaka og stofnana.

bæn og að landsmenn séu mun betur upplýstir um tilveru þessa dagskrárliðs en áður. Það er samt mín skoðun að það að hætta með þennan dagskrárlið hafi ekki verið einhvers konar árás á kristna trú á Íslandi eða að þessi þáttur hafi verið burðarliðurinn í kristinni menningu og kristnum gildum á Íslandi í dag. Ég held að það muni alltaf rísa upp einhver hópur þegar rótgróin dagskrárliðir eru lagðir niður, ég meina erum við búin að gleyma því þegar allt ætlaði um koll að keyra þegar að hætt var að sýna Guiding light hér um árið?“



Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur

Skiptir marga máli

„Nei mér finnst það ekki. Ég vil helst hafa sem mest af allskonar, líka bænir og biblíulestur. Annars snýst umræðan sýnist mér annars vegar um þessi rök dagskrárstjóra, sem vildi meina að stuttir dagskrárliðir hefðu slæm áhrif á flæði í útvarpi. Mér finnst það alls ekki augljóst, enda gott að brjóta upp mynstrið og allavega þjónar það hlustendum vel held ég að detta inn á stutta dagskrárliði. Hins vegar virðist umræðan í kjölfarið hafa snúist upp í álit fólks á kirkjunni og sýnileika hennar og hún er ansi fljót að fara út í eitthvert rugl á báða bóga.“

Mér finnst aðalatriðið vera þetta: Bænarirnar virðast skipta marga máli. Þótt ekki stundi allir tilbeiðslu er kristin arfleifð hluti af menningu okkar eins og svo margt annað. Oftast er þetta efni þess eðlis að það er hægt að lesa (eða hlusta á það) á ólíkan hátt, með gagnrýnum huga: Biblíutexti og bænir geta tengst trúariðkun (sem mér finnst í finu lagi) en eru líka dæmisögur, menningararfur, bókmenntatextar og jafnvel hugleiðsla. Getu ekki allir verið sáttir við það? Nú svo hljómar auðvitað vel að fá nýjan þátt um trúmál og menningu.“





Einstakt á Íslandi



Þegar hefðbundin málning er ekki að duga þá er S-26 kerfið **lausnin**

Söluaðili á Austurlandi: Byggingadeild LAUNAFLS ehf, Óseyri 9, Reyðarfirði, S: 414-9460/ 840-7227

Þetta hús stendur við Tálknafjörð um 300 m frá ströndinni. Þrátt fyrir mikið veðurálag, særok og sandrok þá sér ekki á málningunni í dag - 6 árum síðar. Raki hvarf alveg úr húsinu á nokkrum vikum.



Máluð var prufa af S-26/Malis kerfinu á BYKO-vegginn árið 2008. Tveimur og hálfu ári síðar var veggurinn háþrýstipveginn en prufan haggðist ekki.



ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

Gírkassa- og vélaviðgerðir. Yfirförum og gerum við. Færum í skoðun sé þess óskað. Fljót og góð þjónusta!


**NÝ OG BETRI
ÞJÓNUSTA**

**LOSUM
SPÍSSA!**



Getum tjakkað spíssa úr mörgum gerðum bíla án þessa að taka heddin af. Getum borað spíssa úr 2.0L Renault, Nissan og Opel ef spíss slitnar.

Mekka



BIFREIÐAVERKSTÆÐI GARÐABÆJAR

Smiðsbúð 2
210 Garðabæ
Sími 577 6670
mbvg@mbvg.is
www.mbvg.is

FRÉTTASKÝRING

„Hélt að við værum góðu gaurarnir“

Operation Protective Edge, aðgerðir Ísraelsmanna á svæðum Palestínu frá því fyrr í sumar valda óhug og furðu. Samúð með málstað Palestínu er töluverð á Íslandi og ólíklegt er að aðgerðir Ísraels hers sveigi almenningsáliti í átt til málstaðar Ísraels. Reykjavík vikublað ræddi við Miko Peled, rithöfund og friðarsinna frá Ísrael um stöðu mála. Miko er sonur Mattityahu Peled herforingja Ísraels hers sem gerðist baráttumaður fyrir friði og talsmaður réttinda til handa Palestínunönnum.

„Að skýra stöðuna í Ísrael er tilraun til að skýra vitfirringu fyrir þeim sem ekki þjást af henni,“ segir Miko sem er afar gagnrýninn á stefnu Ísraelskra stjórnvalda og zionisma hugmyndafræðina að baki stofun Ísrael. Faðir hans Matti Peled var mikilvirtur hershöfðingi sem snerist frá stríðsrekstri og talaði fyrir friði milli gyðinga og araba. Hann var einn af stofnendum ísraelsk-palestínskrar stofnunar sem vinnur að friði fylkinga á milli. Miko skrifaði bókina Sonur hershöfðingjans; ferðalag Ísraels um Palestínu. Í bókinni fjallar Miko um uppeldi sitt og innri átök vegna framkomu Ísraels

við Palestínunönn. Þá segir hann frá þeirri vegferð sem hann hóf er hann fór að horfast í augu við kúgun eigin þjóðar á Palestínunönnum.




Miko Peled rithöfundur segir að farið sé með Gamla testamentið eins og sagnfræði í ísraelskum skólum. Hann hefur haldið ýmsa fyrirlestra í kjölfar bókar sinnar Sonur hermansins.

Mynd: Eric Lewis CC-BY-SA 2.0

Sársaukafullt

„Það var ótrúlega sársaukafull uppgötvun fyrir mig að átta mig á raunverulegum afleiðingum þess að viðhalda Ísrael. Ég ólst upp við þá trú að við; gyðingar sem aðhyllumst zionisma, værum góðu gaurarnir. Kannski gerðum við sitthvað slæmt hér og þar, öðru hverju, en við erum samt góða fólkið. Kannski erum við ekki alltaf sanngjörn við Palestínunönn en almennt erum við sanngjörn. Og jú,



„Aðdáun okkar á hernum hefur verið til staðar frá stofnun ríkisins. Hermennirnir okkar, og áður þjóðvarnariðin, eru hetjur og þau eru Ísrael,“ segir Miko Peled.

það er auðvitað þannig að fólk býr við hernám af okkar völdum en við erum góð þannig að þetta hernám er ekki eins vont og önnur hernám. Þetta er það sem ég og aðrir Ísraelar alast upp við að heyra. Eitthvers skonar milda og frjálslýnda útgáfa af zionisma en hugmyndafræði sem samt sem áður er zionismi.“ Hann bendir á að sjálfur sé hann barn forréttinda enda sé faðir hans frægur hershöfðingi af þeirri kynslóð hershöfðingja sem séu hálfguðir í augum fólks vegna þátttöku þeirra í stofnun Ísraelríkis. Þá sé móðir hans fædd í Jersúsalem og tilheyrir áhrifafólki úr zionistahreyfingunni á árunum fyrir stofnun Ísraels. „Sem barn lék ég mér að medalíum föður míns. Ég var ótrúlega stoltur af þessum uppruna mínum og fjölskyldu minnar. Það var risastór partur af því hver ég var og ég var ólýsanlega stoltur af þessum uppruna.“

Sjálfsmórðsárás

Smadar, þrettán ára systurdóttir Miko, var árið 1997 myrt í sjálfsmórðs-sprengingu. Smadar var í verslunarferð í Jerúsalem. Morðið á Smadar vakti mikla athygli í Ísrael enda um að ræða unga stúlku sem var barnabarn frægs hershöfðingja sem barðist í sjálfstæðisstríði Ísraels. Viðbrögð Nurit Peled-Elhanan, systur Miko, vegna sprengingarinnar vöktu athygli en Nurit gaf lítið fyrir hefndaraðgerðir. „Hryðjuverkaárásir, líkt og sú sem dóttir mín lést í, eru bein afleiðing áþjában, þrældóms, niðurlægingar og stöðugs umsátursástands sem Palestínunönn búa við,“ lét Nurit hafa eftir sér í sjónvarpi skömmu eftir að hún

missti dóttur sína. Hún sagði ábyrgðina vera ísraelskra yfirvalda. Miko segir fjölskylduna hafa verið hissa og líka fulla aðdáunar á viðbrögðum systur sinnar. „Í kjölfar árásarinnar fann ég þörf hjá sjálfum mér til vinna úr máluðum. Ég fann samræðuhóp palestínskra gyðinga og araba hér í San Diego [í Bandaríkjunum], þar sem ég bý nú, og hópurinn var nákvæmlega það; samræðuhópur. Það var þá sem ég hitti í fyrsta sinn einhvern af palestínskum uppruna sem jafningja. Ég skrifa um þetta í bókinni minni. Ég er fæddur og uppalinn í Jerúsalem en samgangur Palestínunönn og Ísraels er raunar ekki til staðar. Það er ekkert rými þar sem gyðingar og arabar hittast sem jafningar. Þetta var skrytinn og merkileg upplifun. Sérstaklega vegna þess að þetta var í fyrsta sinn sem ég heyrði frásögn Palestínunönn. Fyrsta sinn sem ég heyrði þeirra hlið.“

Baráttan fyrir friði

– Í ljósi þess að faðir þinn vann að uppgangi hugmynda um frið byggðan á gagnkvæmri virðingu er þú ekki undarlegt að þú talir um að hafa aldrei hitt einhvern frá Palestínu? „Það er rétt að faðir minn vann að málstað Palestínunönn



Sjúkrabíll í tætlum á Gaza.



Úr mótmælagöngu á Vesturbakkanum.

Mynd: Steinunn Rögnvaldsdóttir.

Tilboð á líkamsræktarkorti

Kort sem gildir til 31. des 2014

Aðeins 24.900.-

sama verð og 3ja mán kort.

Persónuleg þjónusta og vinalagt umhverfi

- Fjórir flottir skvasssalir
- Ketilbjöllutímar
- Cross train Extreme GTX
- Spinningtímar
- Einn besti golfhermir landsins.
- Góður og fullbúinn tækjasalur með Cybex og
- Technogym lyftinga- og upphitunartækjum.
- Körfuboltasalur.
- Gufubað í búningasklefum.
- Einkapjálfarar.

VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt



Atli Þór Fanndal

og hann vann að málstað Ísraels. Hann vildi frið og sá í hlið Palestínumanna að einhverju leyti. Hann var samt ekki stuðningsmaður Palestínu eða algjörlega á þeirra bandi. Hann talaði um þeirra hlið mála og um mannréttindi Palestínumanna. Ég heyrði eitthvað af þessu en það var alltaf út frá skoðunum þeirra sem hann starfaði með. Hópi þar sem allir voru zionistar út í gegn en sá þetta sem lausn til friðar. Þau voru t.d. alltaf þeirrar skoðunar að við ættum ekki að tala um 1948 og hvað gerðist. Það væri allt í fortíðinni en við ættum að horfa fram á við og skapa framtíð með tveimur ríkjum. Þannig að þrátt fyrir starf föður míns þá heyrði ég aldrei framsögu sem fór gegn þeim goðsögnum sem zionismi byggir á.“ Miko hafnar hugmyndum föður síns og samstarfsmanna hans um tveggja ríkja lausn. Hann segir lausnina augljósa. Jafnrétti allra borgara. Palestínumenn og Ísraelar lifi jafnir í ríki sem tilheyrir þeim báðum.

Apartheid-Ísrael

Miko er harður andstæðingur zionisma og segir hana hugmyndafræði mismununar og að stefnan sé í eðli sínu nýlendustefna. Grunnvallarmarkmið zionista sé að skapa land gyðinga á svæði sem tilheyrir öðrum þjóðflokkum. Til að zionismi gangi upp þurfi að stofna til gyðingaríkis á landrými þar sem meirihluti fólks er af annari trú og öðrum uppruna. Það sé í eðli sínu nýlendustefna. „Það var í gegnum dauða frænku minnar og úrvinnslu á því sem og kynni mín við fólk af palestínskum uppruna sem ég fór að horfast í augu við að Ísrael er rasískt verkefni sem byggir á draumum nýlendustefnunar. Við erum að stofna eigin ríki á svæði þar sem meirihluti fólks er af öðrum uppruna. Hugmyndin er að stofna gyðingaríki í landi araba. Óhjákvæmilega erum við að byggja „apartheid“-ríki vegna þess að eina leiðin til að skapa gyðingaríki á þessum stað er að mismuna stórum hópi fólks. Það er t.d. gert með rasískum lögum. Lögum sem gefa ákveðnum hópi, það er gyðingum forréttindi umfram aðra.“ Þessi samlíking Miko er eins og gefur að skilja ekki mjög vinsæl í Ísrael. Hann segir þó að þetta sé þeim sem tilbúnir eru að skilja ljóst. „Við höfum frá upphafi kúgað araba sem hluta af þessu verkefni okkar. Stundum gerum við það með rasískum lögum, t.d. takmörkunum á rétti annara en gyðinga til landeignar, með heryfirvöldum og aðgerðum þeirra. Við niðurlægjum Palestínumenn sem reyna að fljúga frá Tel Aviv og svo er það umhverfi kynþáttarhyggju sem við sköpum og viðhöldum til að skapa ríki gyðinga í landi sem tilheyrir öðrum hópum fólks.“

Herinn er allt

Herinn er með valdamestu stofnunum Ísraels. Stöðugur hernaður og ógn vegna átaka gerir herinn gríðarlega mikilvægan í huga almennings. Gyðingættaðir Ísraelar yfir átján ára aldri eru skyldugir til að þjóna í hernum. Aðeins um helmingur endar á að gera slíkt en mikið er um undanþágur. „Herinn er allt í Ísrael. Sem drengur leit ég upp til hersins og ég held að það sé enn þannig. Börn líta

upp til hersins og bíða eftir að geta þjónað. Bíða eftir að geta verið eins og eldri systkini sín.“ Miko segir stuðning við herinn mikinn meðal annars vegna þátttöku hans í stofnun Ísraelsríkis og varna þess. „Aðdáun okkar á hernum hefur verið til staðar frá stofnun ríkisins. Hermennirnir okkar, og áður þjóðvarnarliðin, eru hetjur og þau eru Ísrael. Herinn er tákmynd þess að vera alvöru Ísraeli. Það er raunar engin umræða um herinn og völd hans.

Það er ekkert rými til að gagnrýna herinn. Það er raunar ekkert rými til að ræða hernaðar- og öryggisstofnanir. Hvað þá að ræða það með gagnrýnum hætti. Með hernaðarstofnanir þá á ég við leynilöggluna, herinn og slíkar stofnanir.“

Goðsagnir

Miko segir það hluta vandans að zionistar hafi raunar gert Gamla testamentið að sögubók en ekki trúarriti.

Þannig sé ýtt undir goðsagnir sem standist ekki um leið og þess er krafist að skrásett saga sé hundsud. „Gamla testamentið var bara gert að fræðilegri sögubók. Þegar við lærum okkar sögu í Ísrael þá er hún kennd þannig að við flúðum Ísrael og svo gerðist ekkert á því landssvæði sem Ísrael er á fyrr en við komum aftur. Í söguvitund okkar er vera araba á svæðinu hundsud og nánst eins og eitthvert slys. Þetta er mjög hávær hugmynd með sterkar

rætur í söguvitund Ísraels. Meira að segja innflytjendur sem komu hingað fyrir tíu árum telja araba vera innflytjendur sem hafi lítil tengsl við landið. Þau skilja gjarnan ekki hvers vegna þau fara ekki bara heim til sín.“

LUNDUR 2-6 Fossvogsdalnum í Kópavogi



NÝTT

Skoðið teikningar á bygg.is



Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum áklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 2-6 í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 100-245 fm og eru flestar með góðu útsýni. Stæði fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

BÚUM BETUR



www.bygg.is

NÝHÖFN 2-6 Sjálandi Garðabæ



NÝTT

Skoðið teikningar á bygg.is

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Nýhöfn í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 125-150 fm, 3ja og 4ra herbergja.

Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburverönd. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Fjölskylduvænt hverfi í fallegu umhverfi



REYNSLA · FAGMENNSKA · METNAÐUR

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Öðlingsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, löggr. fasteignasali

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA ehf
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenkurmatur.is



Svavar Halldórsson

Uppskerutími

Haustin eru frábær tími fyrir okkur sem elskum mat. Þá fáum við glænýtt og ófrosið lambakjöt, svo ekki sé nú talað um innmat og slátur. En við fáum líka aldrei meira af fersku íslensku grænmeti. Samkvæmt meðfylgjandi grænmetisdagatali sem fengið er frá Sölufélagi grænmetisbænda, er hægt að fá 22 tegundir af nýju íslensku grænmeti í september. Þá bætist rauðkálíð við sem ekki er á boðstólum í ágúst. Þá fást „bara“ 21 tegund af fersku íslensku grænmeti. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um tæmandi eða fullkomið yfirlit að ræða.

Sjarmi árstíðarinnar

Eitt af aðalsmerkjum hefðbundinnar og staðbundinnar matreiðslu er að hverjum árstíma fylgir sinn sjarmi og sinn matur. Í ítölsku og frönsku eldhúsi er þetta afskaplega mikilvægt og eins í hinu nýja norræna eldhúsi. Við Íslendingar erum stöðugt að verða betur meðvitund um mikilvægi þess að hlúa að því sem íslenskt er og gefa hverjum árstíma sitt pláss á matarborðinu. Það er ekki endilega eðlilegt að geta fengið fersk jarðaber allan ársins hring sem búið er að fljúga hingað yfir hálfan hnöttinn. Jarðaberjabændum á Íslandi hefur fjölgað upp á síðkastið og framtíð magn aukist til muna. Hægt er að fá ný íslensk jarðaber frá því á vorin og fram á haustið. Svo eru líka ræktuð hér hindber sem fást frá júní og fram í september.

Innlent eða innflutt

Með aukinni ylraekt er hins vegar margt sem hægt er að fá hér allan ársins hring. Við erum sjálfum okkur nóg um gúrkur, hvort sem er sumar, vetur, vor eða haust. Tómatar í ótal afbrigðum eru



líka framleiddir í gróðurhúsum hér allt árið og hið sama má segja með papríkur. Sú framleiðsla dugar hins vegar ekki svo við flytjum talsvert inn. Við flytjum líka inn talsvert af salati þótt það sé framleitt hér í 52 vikur á ári. Kartöflum eigum við líka nóg af og gulrótum líka - en samt flytjum við inn til viðbótar. Svo eru það íslensku speppirnir. Þeir eru auðvitað strangt til tekið ekki grænmeti, þótt hefðbundið sé að flokka þá sem slíka. Þeir eru ræktaðir allt árið á Flúðum og sú ræktun er bæði tæknivædd og umhverfisvæn.

Útigrænmetið seinna á ferðinni

En svo eru nokkrar tegundir sem við fáum bara á bara síðsumars og á haustin. Iceberg, hvítkál, spergilkál, sellerí og hnúðkál eru nokkrar af þeim íslensku tegundum sem vert er að nefna. Kristín Linda Sveinsdóttir hjá Sölufélaginu segir að í ár sé útigrænmetið seint á ferðinni. „Sumarið byrjaði mjög vel en svo ringdi mikið, sérstaklega á Suðurlandi þar sem mesta útiræktunin er. Það er því allt heldur seinna á ferðinni í ár en venjulega.“ Þetta þýðir hins vegar ekki að við fáum ekkert haust-grænmeti. Það er reyndar þegar farið að sjást í verslunum, bara í minna magni en oft áður. Kristín Linda segir að eftirspurnin sé mikil og svo virðist sem það sé ákveðin vakning hjá neytendum. „Grænkál og spínat eru til dæmis að sækja mjög í sig veðrið,” segir hún.



Hnúðkálíð í lægð

Eitt af því sem virðist ætla að verða til í minna magni þetta haustið en oft áður er hnúðkál. Það er eitt af þessum litlu leyndarmálum. Hnúðkál er einstaklega hollt og mjög gott. Það getur til að mynda verið frábær tilbreyting að ofnbaka blöndu af rótarávöxtum; hnúðkáli, rófum, gulrótum og jafnvel sætum kartöflum, og hafa í staðin fyrir þessar venjulegu kartöflur. Hins vegar er matarblaðamaður hrifnastur af hnúðkálínu hráu. Þá er best að skera það niður við upphaf eldamennskunnar og leyfa því að „anda“ á meðan maður gerir allt hitt. Við þetta breytist hnúðkálíð og verður mýkra og bragðbetra. En nú er hætta á að hnúðkál verði af skornum skammti í haust vegna tíðarfarsins.

Gripum grænmetis gæsina

Matarblaðamaður mælir með því að fólk vandi sig við að velja nýtt íslenskt grænmeti þetta haustið og njóti þannig þess sem landið okkar hefur okkar hefur upp á að bjóða. Frosnar pitsur eru fínar ef ekkert annað er að hafa, En nú er tími allsnægtanna að ganga í garð. Það er mikilvægur hluti af ábyrgum lífsstíl að velja sér mat úr nágrenninu, sem ekki er búið að flytja yfir hálfan hnöttinn með tilheyrandi orkunotkun og kolefnisfótspori. Svo erum við líka svo heppin að geta gengið út frá því sem vísu að íslenskt grænmeti, eins og reyndar allar íslenskar landbúnaðar-afurðir og fiskur, er að mestu laust við lyf og eitufeni. Það eru forréttindi að búa við slíkt. Stóra málið er hins vegar að þetta eru góðar vörur og hráefni í góðan mat. Frægur kokkur sagði einhverju sinni, matur verður aldrei betri en hráefnið sem þú notar í hann. Og hana nú!



NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

ALMENN NÁMSKEIÐ:

KVÖLD- OG MORGUNTÍMAR
KENNSLA HEFST 10. SEPTEMBER

TEIKNING

Teikning 1 Módelteikning
Teikning 2 Módelteikning, framhald

MÁLUN

Málun 1 Frjáls málun
Málun 2 Vatnslitun
Málun 3 Vatnslitun og teikning
Málun framhald

KERAMIK

Leirkerarennsla Gifsmótagerð
Leirmótun og rennsla

ÝMIS NÁMSKEIÐ

Litaskynjun Textílteiknun
Gróðurhús hugmyndanna Silkiprykk / textílprykk
Íslensk listasaga



NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGT FÓLK:

KENNSLA HEFST 12. SEPTEMBER

4 - 5 ÁRA

Myndlist Þriðjudaga / föstudaga / laugardaga

6 - 9 ÁRA í JL-húsinu og Miðbergi, Breiðholti

Myndlist mánudaga / þriðjudaga / miðvikudaga
fimmtudaga / föstudaga / laugardaga

8 - 12 ÁRA

Leirrennsla og mótun Leirrennsla og skúlptúr

10 - 12 ÁRA í JL-húsinu og Miðbergi, Breiðholti

Teikning - málun - graffík Videó og hreyfimyndagerð
Teiknileikni Myndasögur
Myndlist

13 - 16 ÁRA

Teikning - málun - graffík Vöruhönnun og leir
Teikning

Skráning á

www.myndlistaskolinn.is

og í síma: 551 1990

MYNDLISTASKÓLINN

Í R E Y K J A V Í K

20% FRAMHALDSSKÓLAAFLÁTTUR
NÁMSKEIÐIN ERU STYRKHÆF HJÁ FLESTUM STÉTTARFÉLÖGUM

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



Skjót leið

til starfsmenntunar
Skapaðu þér **þitt eigið** góðæri



www.meiraprof.is



NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502

www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com



Nýtt blað um sjávarútveg

Blaðið heitir Aldan, fréttablað um sjávarútveg. Blaðið mun fjalla um sjávarútveg almennt, útgerð, fiskvinnslu, þjónustufyrirtæki í atvinnugreininni, og ekki síst um fólkið sem kemur að þessum undirstöðuáttvinnuvegi þjóðarinnar,“ segir Geir A. Guðsteinsson, ritstjóri Öldunnar, sem mun koma út mánaðarlega.

Útgefandi blaðsins er Fótspor, sem einnig gefur út Reykjavík vikublað, Hafnarfjörð/Garðabæ, Vesturland, Vestfirði, Akureyri vikublað, Austurland, Selfoss-Suðurland, Reykjanes og Kópavog.

Geir A. Guðsteinsson hefur starfað við blaðamennsku og ritstjórn um áratugaskeið og ritstýrir meðal annars blöðunum Vesturlandi og Vestfirðum.

Öldunni verður dreift til allra helstu aðila í sjávarútvegi í dag, mun liggja frammi á hafnarvögnum víðs vegar um landið og verður jafnframt aðgengilegt á völdum stöðum, s.s. bensinstöðvum. „Fyrir á markaði eru a.m.k. tvö blöð sem helga sig sjávarútvegs málum svo Aldan verður og ætla að marka sér ákveðna sérstöðu,“ segir Geir.

Hjólastígur í Öskjuhlíð

Nýr tvíbreiður hjólastígur hefur verið tekinn í notkun í Öskjuhlíð. Stígurinn er við hlið göngustígs sem liggur frá Flugvallarvegi að bílastæðum Háskólans í Reykjavík. Hjólastígurinn er 2.5 metra breiður. Einfaldur áningarstaður hefur síðan verið gerður á stígumótum þar sem stígar frá Perlunni og Hótel Natura tengjast göngu- og hjólastígum. Sett var ný lýsing meðfram stígunum sem Orkuveita Reykjavíkur hannaði segir á vef borgarinnar.



Tugir starfa hjá borginni

Eftir á að ráða í yfir 200 stöðugildi í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar fyrir veturinn. Þetta kemur fram í yfirliti sem kynnt var í skóla- og frístundaráði í vikunni. Eftir á að ráða í 87 stöðugildi í leikskólum, 46 í grunnskólum og um 63 í frístundastarfinu. Fullyrt er á vef borgarinnar að vel gangi að ráða í störf.

Ríflega 6.000 börn eru á leikskólum borgarinnar en um miðjan mánuðinn voru 55 börn, fædd á árunum 2009-2012, á biðlista eftir leikskólaplássi.

Flest börn eru á biðlista í grennd við Laugardal og Háaleiti. Á vef borgarinnar segir að öll börn fædd 2012 eða fyrr, og sótt hafi verið um pláss fyrir, hafi fengið boð um vistun í leikskóla.

Hátt í 14 þúsund krakkar sækja grunnskólana í vetur, en þeim hefur fjölgað um ríflega 200 frá í fyrra. Mest fjölgun er í grunnskólum í Árbæ og Grafarholti.

Um 3.600 umsóknir hafa borist borginni um dvöl á frístundaheimili, en í vikunni var búið að taka inn innan við 2.000.



Brettafélagið í Dugguvog

Borgarráð samþykkti í vikunni að gera þjónustusamning við Brettafélag Reykjavíkur um húsnæði í Dugguvogi 8. ÍTR á að sjá

um málið fyrir hönd borgarinnar. Brettafélagið hefur um langt skeið verið með aðstöðu í Héðinshúsinu í vesturbænum, en er á leiðinni þaðan.

VÍSNASTUND 7. ÞÁTTUR

pest@visir.is



Pétur Stefánsson

Ármann Þorgrímsson yrkir um Siðareglur

Umboðsmannt með eðli grátt ætti að setja á steglar. Framsókn hefur alltaf átt eigin siðareglur.

Hreinn Guðvarðarson orti undir sjónvarpsfréttum:

Oft eg sit við sjónvarpið þar sýnist andinn slíkur. Okkur kemur ekkert við utan Reykjavíkur.

Kristján Runólfsson varð fyrir handarskaða og orti:

Únlíðurinn bólginn, blár, blæðir inn í holdið, þó að ég sé kappi klár, kvalinn er ég „soldið“

Davíð Hjálmar Haraldsson orti á Grenivíkurgleði á Grenivík. Hann

tók þátt í viðburðum dagsins með því að ganga/skokka í kringum Þengilshöfða í grenjandi rigningu og roki:

Oft er hált á Höfðans slóð og hætt er þar við foki. Drulluna í ökkla óð í úrhelli og roki.

Og Davíð Hjálmar Haraldsson yrkir áfram:

Breti sem við Barentshaf berja vildi Olgu hrasaði í hrúgu af hreindýrstaði volgu.

Kerlingin á Skólavörðuholtinu orti í vætunni í Reykjavík

Regnið vætir nára og nef, nauð er við að búa, ryðskán ég á rumpi hef, rakaskemmd og fúa.

Gunnar Kr. Sigurjónsson yrkir

Það var eitt sinn rauðhærður Rússi, sem reiddist í viðskiptastússi. Hann barði í borðið og það svo um orðið, en fór síðan burtu í fússi.

Sá Gamli yrkir:

Svo var það framsækinn Finni sem fórnaði konunni sinni; hnytti 'henni hnút og henti svo út því hann vildi vera með hinni.

Ingólfur Ómar Ármannsson yrkir sléttuband:

Stakan góða léttir lund lífgar gróður dagsins, Vakan ljóða styttir stund styrkir glóðir bragsins.

Myndlistarskóli Kópavogs

Láttu DRAUMINN rættast

Haustnámskeiðin 2014
byrja 22. september

Innritun er hafin


í síma **564 1134** og **564 1195** mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14:00–18:00. Einnig hægt að skrá sig á myndlist@myndlistaskoli.is
Nánari upplýsingar www.myndlistaskoli.is



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning á haustönn fer fram dagana 22. ágúst til 5. september á slóðinni www.fa.is/fjarnam



Góð þjónusta í 60 ár



**GÆÐAHREINSUN
ÞVOTTAHÚS
DÚKALEIGA**



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA



SÆKJUM & SENDUM

1953

60 ára

2013

Háleitisbraut 58-60 - Sími 553-1380

40% AFSLÁTTUR
TIL 30. ÁGÚST

VARÐVEITTU MINNINGARNAR
YFIRFÆRDU ÞÆR Á STAFRÆNT FORM

SLIDES MYNDIR - VHS - NEGATÍFUR - Hi8 - VHS-C
MINI-DV - PAPPÍRSMYNDIR - S-VHS - MICRO-MV
FILMUR - SEGULBANDSSPÖLUR - 8MM VIDEO

MYNDA
skönnun.is
S. 9625900 - SÍÐUMULA 13

BAKSÍÐAN



Hafsteinn
Thorarensen

Samfélags- sultan

Stóð yfir pottinum og horfði á hvatvísishandahófskveiktu sultu-ílraunina, sól- og bláberjablöndu, malla. Eins og á stundum sem slíkum, eins og allir kannast við, fer maður óhjákvæmilega að varpa hugmyndinni um sultugerðina yfir á mynstur mannlegrar hegðunar, og þá sérstaklega á hina grófu drætti samfélaganna, hvernig rétt blanda innihaldsefnanna, ávaxta og sykurs, og mögulega einhverra óvæntra snúninga annarra, myndar samspil sem fellur að smekk meirihlutans. Passa verður upp á að ekki séu of margir súrir, líka að ekki séu of margir sætir (umdeilt atriði), lundin verður að vera við rétt hitastig svo ekki sjóði upp úr og brenni norskan grenivið og óvæntir snúningar í daglegu amstri eru líka krydd í sultaða tilveruna.

Eins og með sulturnar þá hefur endrum og eins ýmislegt misfarist í samfélagssultugerð hinna ýmsu ríkja og á móti oft tekist ágætlega til. Gott dæmi um ágætlega heppnaða samfélagssultu er sú margrómaða Skandinávíska, í jafnvægi, ekki of sæt, ekki of súr og undirkraumandi hiti innan marka. Ísland er reyndar með súrara móti þessi dægri en eldgos og veðrið bjarga mörgu. Í dag væri nærtækasta ríkið um misheppnaða sultu hins vegar vera Ísrael. Það er í meira lagi súrt orðið sem og viðbrunnið á alla vegu, biturðin yfirgnæfir allt annað. Deila má svo um hvort henda eigi afurðinni, setja hana til hliðar og hugsa næstu skref eða hella í hana ómældu magni af dísætri ást og kærleika.

Allt um það. Sultan heppnaðist með ágætum og nú syng ég hástöfum „Allt fyrir ostana/eitthvað sem aldrei nóg er af!“

- 1 hluti (100 g) sólber
- 1 hluti bláber
- Rúmur 1 hluti sykur
- Skvetta af sitrónusafa

Tvö myntulauf (sett út í rétt áður en slökkt er undir).

Ígló & Indí

0-12 ára
ÍSLENSK HÖNNUN

- ÍGLÓ&INDÍ VERSLANIR -
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 4 OG KRINGLUNNI
www.igloandindi.com

Haustr útsala Fjallakofans

22. ágúst - 2. september

20-70% afsláttur

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útivistarvörur frá Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Black Diamond og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, bakpokar, göngustafir og margt margt fleira, sjón er sögu ríkari!

- Smartwool
nærfatnaður og
sokkar
**20-30%
afsláttur**
- Marmot
dúfatnaður
**30-40%
afsláttur**
- Löffler
hjólafatnaður
**30-50%
afsláttur**
- Marmot
útivistarfatnaður
**20-70%
afsláttur**
- Fjalla- og svigskjór
**25-50%
afsláttur**

Afgreiðslutími í verslunum Fjallakofans um helgina:

Verslun \ Dagur	Laugard. 23.ág	Sunnud. 24.ág
Laugavegur 11	9-19	12-17
Kringlan 7	10-17	12-17
Reykjavíkurb. 64	10-17	LOKAÐ



Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.



Afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurborg 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is